

SVAR VIÐ FYRIRSPURN**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um afslætti af leikskólagjöldum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 28. ágúst 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna á leikskólum:

Hversu margir foreldrar fá afslátt af leikskólagjöldum í hverjum flokki: 1. Einstæðir foreldrar. 2. Báðir foreldrar í námi. 3. Annað eða báðir foreldrar öryrkjar. 4. Annað eða báðir á endurhæfingarlífeyri TR. 5. Starfsfólk leikskóla Reykjavíkur. Hvernig og hversu oft hefur skóla- og frístundasvið kynnt fyrir foreldrum rétt á afslætti af leikskólagjöldum? Komið hefur í ljós að ekki hefur verið kynnt með fullnægjandi hætti að foreldrar á endurhæfingarlífeyri eigi rétt á afslætti af leikskólagjöldum, upplýsingar á heimasíðu borgarinnar eru misvísandi og aðeins er hægt að fá afslátt afturvirk í einn mánuð. Hér eru foreldrar í viðkvæmri stöðu og mikilvægt að upplýsingamiðlun borgarinnar sé eins og best verður á kosið.

Svar:

Ekki er gerður greinarmunur á afslætti milli örorku og vegna endurhæfingar svo skipting milli þeirra flokka liggur ekki fyrir. Að öðru leyti eru fjöldataölur miðað við gilda afslætti þann 16. október 2023 eftirfarandi:

Leikskólar Reykjavíkur

Fjöldi barna foreldra/forsjáraðila með afslátt leikskólagjalda

Einstæðir foreldrar	737
Báðir foreldrar í námi	10
Örorka	318
Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur	374

Sjálfstætt starfandi leikskólar

Fjöldi barna foreldra/forsjáraðila með afslátt leikskólagjalda

Einstæðir foreldrar	94
Báðir foreldrar í námi	5
Örorka	30
Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur	6



Fjöldi barna foreldra/forsjáraðila með aukna niðurgreiðslu til dagforeldra

Einstæðir foreldrar	49
Báðir foreldrar í námi	4
Örorka	12
Starfsmenn leikskóla Reykjavíkur	3

Alls eru því foreldrar 1649 barna með afslátt af leikskólagjöldum eða aukna niðurgreiðslu til dagforeldra. Fjöldi foreldranna sem eru á bak við fjöldatölur barna eru 1.253 en nokkur fjöldi foreldra eru með börn bæði hjá dagforeldri og á leikskóla og þ.a.l. er fjöldi barna hærri en fjöldi foreldra.

Í reglum um leikskólaþjónustu er fjallað um afslætti leikskólagjalda í 6. grein um gjaldtöku, þar í 11. mgr. er skýrt kveðið á um að afsláttur sé ekki veittur afturvirkur, en þó sé heimilt að leiðrétta allt að einn mánuð afturvirkur hafi foreldri láðst að sækja um og öllum skilyrðum afsláttar fullnægt. *„Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma...“*

Eftir uppfærslu á vef borgarinnar reykjavik.is sl. sumar kemur skýrt fram að afsláttur leikskólagjalda á einnig við um þá foreldra sem eru á endurhæfingarlífeyri TR og upplýsingar um það hafa einnig komið fram í upplýsingapóstum sem foreldrum hafa verið sendir mörg undanfarin ár. Þá kemur þetta skýrlega fram í reglum um leikskólaþjónustu.

Foreldrar eru minntir á afsláttarreglur og á endurnýjun afsláttar tvisvar á ári, í desember og í júní. Síðast var sendur póstur til tæplega 16.500 viðtakenda þann 26. júní 2023 þar sem upplýsingar um afslætti voru sendar á 5 tungumálum, íslensku, ensku, pólsku, arabísku og kúrdísku.